

92.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 7.ágúst 2018 kl. 16.00. Mættir: Hulda Elsa, Erla, Guðbrandur, Aron, Þórunn og Gry. Alex sat fundinn gegnum tölvu.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Landsliðslágmörk.
Ákveðið var að ganga út frá tillögum nefndar um útreikningu lágmarka miðað við meðaltal á heimslista í hverjum flokki fyrir sig. 100% af meðaltali telst afreksviðmið og gefur forgang að styrkveitingum frá sambandinu. Lágmark til þátttöku á HM er 90%, á EM 85% og á önnur alþjóðamót 80%. Tölurnar verða endurskoðaðar eftir 2 ár og taka gildi við val í landsliðið 2019.
Gry birtir á kraft.is og sendir á félög.
Stjórn ætlar að gefa sér tíma til 1.september að ákveða lágmark í aldurstengdum flokkum. Aron reiknar tölur miðað við meðaltal á HM unglunga undanfarin 2 ár. Gry fer aftur yfir tölurnar miðað við sömu aðferð og í opnum flokki.
3. Endurskoðun laga
Laganefnd hefur sent frá 'ser drög að nýjum lögum. Stjórn þakkar þeim fyrir störfun og gagnlegar ábendingar. Guðbrandur, Hulda og Erla fara nánar yfir tillögurnar og skila til stjórnar fyrir 1.september til frekari umræðu.
4. Styrkveitingar og afreksmál
Ákveðið hefur verið að veita 1,5 mill króna styrk til þriggja afreksmanna auk greiðslur vegna flugferða. Ákveðið hefur verið að styrkja keppendur á opin A-mót um 200 000 ISK.
Frekari styrkveitingar, hvort sem er til unglunga eða í opnum flokki, verða ákveðnar í lok árs þegar ljóst er hversu mikið svigrúm stjórn hefur.
Sérfundur um fjármál verður boðaður 17.september nk.
5. NM Akureyri
Skráningu er lokið á NM unglunga á Akureyri í september. Undirbúningur er í fullum gangi. Æfingar- og fræðsluhelgi fyrir unglingalandsliðið verður haldinn á Akureyri í lok ágúst.
6. Starfsmannamál.
Guðbrandur hittir íþróttastjóra og fer yfir stöðu mála með honum við fyrsta tækifæri. Ráðning starfsmanns á skrifstofu er til skoðunnar hjá formanni.
Guðbrandur vék af fundi.
7. Önnur mál
Þórunn sagði frá umræðu í mótanefnd
Gry sagði frá gjöf til sambandsins og fékk umboð stjórnar til að halda áfram með málið

Fundi slitið kl 18.00
Fundarritari Gry Ek